



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda á fyrstu níu mánuðum
áranna 2019 - 2021

Október 2021

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu níu mánuðum áráanna 2019, 2020 og 2021. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barnaverndarstofu.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði lítillega á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan, eða um 2,3%, en um 17% ef miðað er við árið 2019. Fjöldi tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 voru 9.792 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 á landsbyggðinni sem og í nágrenni Reykjavíkur, sé miðað við sama tímabil árið 2020, en voru færri í Reykjavík.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 voru vegna vanrækslu eða 43,1% allra tilkynninga og er það svipað hlutfall og síðustu ár. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 var 27,6%, en 28,7% á sama tímabili árið á undan og 26,1% árið 2019. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28,4% á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 en árið 2020 var þetta hlutfall 26,6% og 30,8% árið 2019. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi nám hefur fjölgað á milli ára. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 bárust 207 slíkar tilkynningar en voru þær 184 á sama tímabili ársins 2020 og 147 árið 2019. Voru tilkynningar vegna vanrækslu varðandi nám því 12,5% fleiri á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 en þær voru á sama tímabili 2020, en sé miðað við 2019 bárust 40,8% fleiri slíkar tilkynningar.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 bárust 1.583 tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis en þær voru 1.783 á sama tímabili árið 2020 og 1.444 árið 2019. Tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis voru því 11,2% færri en bárust á sama tímabili 2020, en hér ber að nefna að árið 2020 bárust óvenju margar tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis.

Þá hefur tilkynningum vegna kynferðislegs ofbeldis fjölgað mikið á milli ára. Á fyrstu níu mánuðum ársins bárust 515 tilkynningar vegna kynferðislegs ofbeldis, eða 34,8% fleiri tilkynningar en á sama tímabili árið 2020. Ef miðað er við 2019 er munurinn enn meiri, eða sem nemur 58,5%.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,2% tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2021. Er það í samræmi við fyrri ár en þó örlítið minna hlutfall en á sama tímabili áráanna á undan. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur farið fjölgandi. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 bárust 1.295 tilkynningar frá skólakerfinu, samanborið við 1.060 og 1.003 á sama tímabili árið 2020 og 2019. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 bárust 13,1% fleiri tilkynningar frá heilbrigðisþjónustu, sé miðað við sama tímabili ársins 2020.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 var 7.858 börn, en árið á undan var þau 7.752 og 6.675 börn árið 2019. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.550	42,4	3.894	40,7	3.715	37,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.222	26,6	2.507	26,2	2.706	27,6
Landsbyggð	2.598	31,0	3.169	33,1	3.371	34,4
Samtals	8.370	100	9.570	100	9.792	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.501	53,8	5.304	55,4	5.264	53,8
Stúlur	3.805	45,4	4.154	43,4	4.444	45,4
Annað ¹	-	-	0	0	4	<0,1
Ekki vitað ²	64	0,8	112	1,2	80	0,8
Samtals	8.370	100	9.570	100	9.792	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.622	39,3	2.824	37,4	2.877	36,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.858	27,8	2.082	27,6	2.181	27,8
Landsbyggð	2.195	32,9	2.646	35,0	2.800	35,6
Samtals	6.675	100	7.552	100	7.858	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.610	54,1	4.186	55,4	4.227	53,8
Stúlkur	3.026	45,3	3.301	43,7	3.572	45,5
Annað ¹	-	-	0	0	4	<0,1
Ekki vitað ²	39	0,6	65	0,9	55	0,7
Samtals	6.675	100	7.752	100	7.858	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	4.599	68,9 ¹	5.290	70,0 ¹	5.428	69,1 ¹
<i>Drengir</i>	2.439	53,0	2.816	53,2	2.798	51,5
<i>Stúlkur</i>	2.130	46,3	2.421	45,8	2.589	47,7
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	30	0,7	53	1,0	41	0,8
Þar af nýjar kannanir	2.253	33,8 ¹	2.312	30,6 ¹	2.381	30,3 ¹
<i>Drengir</i>	1.191	52,9	1.194	51,6	1.180	49,6
<i>Stúlkur</i>	1.050	46,6	1.079	46,7	1.171	49,2
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	12	0,5	39	1,7	30	1,3

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	3.541	42,3	4.151	43,3	4.223	43,1
Ofbeldi	2.185	26,1	2.745	28,7	2.705	27,6
Áhættuhegðun barna	2.578	30,8	2.549	26,6	2.779	28,4
Vegna ófædds barns	66	0,8	125	1,3	81	0,8
Alls	8.370	100	9.570	100	9.792¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 4 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 9.792 tilkynningar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar


Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	3.541		4.151		4.223	
<i>Drengir</i>	1.773	48,9	2.175	52,4	2.212	52,4
<i>Stúlkur</i>	1.808	51,1	1.974	47,6	2.011	47,6
Líkamleg vanræksla	169		182		162	
<i>Drengir</i>	89	52,7	95	52,2	82	50,6
<i>Stúlkur</i>	80	47,3	87	47,8	80	49,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	3.077		3.644		3.705	
<i>Drengir</i>	1.507	49,0	1.897	52,1	1.975	53,3
<i>Stúlkur</i>	1.570	51,0	1.747	47,9	1.730	46,7
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.221		1.550		1.509	
<i>Drengir</i>	573	46,9	796	51,4	823	54,5
<i>Stúlkur</i>	648	53,1	754	48,6	686	45,5
Vanræksla varðandi nám	147		184		207	
<i>Drengir</i>	86	58,5	116	63,0	89	43,0
<i>Stúlkur</i>	61	41,5	68	37,0	118	57,0
Tilfinningaleg vanræksla	240		304		317	
<i>Drengir</i>	104	43,3	178	58,6	152	47,9
<i>Stúlkur</i>	136	56,7	126	41,4	165	52,1

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ofbeldi	2.185		2.745		2.705	
<i>Drengir</i>	1.059	48,5	1.356	49,4	1.306	48,3
<i>Stúlkur</i>	1.126	51,5	1.389	50,6	1.399	51,7
Tilfinningalegt ofbeldi	1.444		1.783		1.583	
<i>Drengir</i>	714	49,4	912	51,1	812	51,3
<i>Stúlkur</i>	731	50,6	871	48,9	771	48,7
Þar af heimilisofbeldi	705		837		804	
<i>Drengir</i>	348	49,4	447	53,4	424	52,7
<i>Stúlkur</i>	357	50,6	390	46,6	380	47,3
Líkamlegt ofbeldi	481		634		689	
<i>Drengir</i>	267	55,5	364	57,4	399	57,9
<i>Stúlkur</i>	214	44,5	270	42,6	290	42,1
Kynferðislegt ofbeldi	325		382		515	
<i>Drengir</i>	105	32,3	99	25,9	145	28,2
<i>Stúlkur</i>	220	67,7	283	74,1	370	71,8

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	2.578		2.549		2.779	
<i>Drengir</i>	1.709	66,3	1.759	69,0	1.745	62,8
<i>Stúlkur</i>	869	33,7	789	31,0	1.034	37,2
Neysla barns á vímuefnum	510		454		433	
<i>Drengir</i>	319	62,5	291	64,1	266	61,4
<i>Stúlkur</i>	191	37,5	163	35,9	167	38,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	935		934		987	
<i>Drengir</i>	536	57,3	543	58,1	469	47,5
<i>Stúlkur</i>	399	42,7	390	41,8	518	52,5
Afbrot barns	567		544		578	
<i>Drengir</i>	433	76,4	425	78,1	406	70,2
<i>Stúlkur</i>	134	23,6	119	21,9	172	29,8
Barn beitir ofbeldi	422		530		629	
<i>Drengir</i>	339	76,7	447	84,3	520	82,7
<i>Stúlkur</i>	103	23,3	83	15,7	109	17,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	218		172		220	
<i>Drengir</i>	130	59,6	104	60,5	109	49,5
<i>Stúlkur</i>	88	40,4	68	39,5	111	50,5

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu¹	495	100,0	673	100,0	538	100,0
<i>Drengir</i>	246	50,2	355	52,7	266	49,4
<i>Stúlkur</i>	239	47,7	297	44,1	250	46,5
<i>Ekki vitað²</i>	10	2,2	21	3,1	22	4,1

¹ Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlaus skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu níu mánuðir 2019		Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	37	0,4	54	0,6	49	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	402	4,8	560	5,9	558	5,7
Nágrannar	574	6,9	802	8,4	591	6,0
Önnur barnaverndarnefnd	140	1,7	174	1,8	115	1,2
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	237	2,8	234	2,4	276	2,8
Lögregla	3.681	44,0	3.717	38,8	3.738	38,2
Skólaþjónusta	1.003	12,0	1.060	11,1	1.295	13,2
Leikskóli/gæsluforeldri	161	1,9	200	2,1	175	1,8
Heilbrigðisþjónusta	851	10,2	953	10,0	1.078	11,0
Foreldrar barns	588	7,0	741	7,7	782	8,0
Aðrir	696	8,3	1.075	11,2	1.135	11,6
Samtals	8.370	100	9.570	100	9.792	100,0